

## AFKOMA ÁRSINS 2012 ER Í SAMRÆMI VIÐ VÆNTINGAR FÉLAGSINS

- Rekstrartekjur námu 414,3 milljónum evra
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) eftir einskiptisliði var 40,8 milljónir evra
- Hagnaður eftir skatta nam 12,7 milljónum evra
- Eiginfjárhlutfall var 63,7% í árslok
- Flutningsmagn í áætlanasiglingum félagsins jókst um 3,4% á milli ára

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q4 2012	Q4 2011	Breyting	2012	2011	Breyting
Rekstrartekjur	105.508	100.137	5,4%	414.330	384.727	7,7%
Rekstrargjöld	99.221	91.544	8,4%	378.162	341.572	10,7%
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	<b>6.287</b>	<b>8.593</b>	<b>(26,8%)</b>	<b>36.168</b>	<b>43.155</b>	<b>(16,2%)</b>
Afskriftir	(6.118)	(5.227)	17,0%	(22.436)	(23.223)	(3,4%)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>169</b>	<b>3.366</b>	<b>(95,0%)</b>	<b>13.732</b>	<b>19.932</b>	<b>(31,1%)</b>
Fjármagnsliðir	(1.049)	(1.157)	(9,3%)	(2.983)	(3.709)	(19,6%)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>	<b>(880)</b>	<b>2.209</b>	<b>(139,8%)</b>	<b>10.749</b>	<b>16.223</b>	<b>(33,7%)</b>
Tekjuskattur	(113)	(1.594)	(92,9%)	1.982	(3.078)	(164,4%)
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>(993)</b>	<b>615</b>	<b>(261,5%)</b>	<b>12.731</b>	<b>13.145</b>	<b>(3,1%)</b>
<b>Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:</b>						
Rekstrartekjur	105.508	100.137	5,4%	414.330	378.337	9,5%
<b>EBITDA</b>	<b>10.202</b>	<b>8.593</b>	<b>18,7%</b>	<b>40.764</b>	<b>37.465</b>	<b>8,8%</b>
<b>EBIT</b>	<b>4.084</b>	<b>3.366</b>	<b>21,3%</b>	<b>18.328</b>	<b>14.242</b>	<b>28,7%</b>
Tekjubreyting	5,4%	14,6%		9,5%	3,6%	
EBITDA / rekstrartekjur	9,7%	8,6%		9,8%	9,9%	
EBIT / rekstrartekjur	3,9%	3,4%		4,4%	3,8%	
Nettósuldir / LTM EBITDA	0,54	0,50		0,54	0,50	
<b>Efnahagsreikningur</b>						
	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>	<b>Breyting</b>	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>	<b>Breyting</b>
<b>Eignir</b>	<b>313.281</b>	<b>283.224</b>	<b>10,6%</b>	<b>313.281</b>	<b>283.224</b>	<b>10,6%</b>
Fastafjármunir	209.723	176.946	18,5%	209.723	176.946	18,5%
<b>Eigið fé</b>	<b>199.599</b>	<b>176.509</b>	<b>13,1%</b>	<b>199.599</b>	<b>176.509</b>	<b>13,1%</b>
<b>Skuldir</b>	<b>113.682</b>	<b>106.715</b>	<b>6,5%</b>	<b>113.682</b>	<b>106.715</b>	<b>6,5%</b>
Nettósuldir	21.950	18.689	17,4%	21.950	18.689	17,4%
Efnislegar eignir / heildareignir	93,7%	93,5%		93,7%	93,5%	
Eiginfjárhlutfall	63,7%	62,3%		63,7%	62,3%	
<b>Sjóðstreymi</b>						
	<b>Q4 2012</b>	<b>Q4 2011</b>	<b>Breyting</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>Breyting</b>
Handbært frá rekstri	12.749	13.257	(3,8%)	36.872	27.226	35,4%
Fjárfestingahreyfingar	(8.430)	(3.683)	128,9%	(39.188)	(22.577)	73,6%
Fjármögnunarahreyfingar	4.107	(3.418)	(220,2%)	(4.369)	(11.495)	(62,0%)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>8.426</b>	<b>6.156</b>	<b>36,9%</b>	<b>(6.685)</b>	<b>(6.846)</b>	<b>(2,4%)</b>
Áhrif gjaldmiðla á handbært fé	62	329	(81,2%)	472	30	1.473,3%
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>37.304</b>	<b>43.517</b>	<b>(14,3%)</b>	<b>37.304</b>	<b>43.517</b>	<b>(14,3%)</b>

## GYLFI SIGFÚSSON, FORSTJÓRI

---

„Afkoma ársins 2012 er í samræmi við okkar væntingar. Rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir á árinu 2012 nam 40,8 milljónum evra og hefur vaxið um 8,8% frá fyrra ári að teknu tilliti til einskiptisliða. Hagnaður Eimskips eftir skatta nam 12,7 milljónum evra. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam 10,2 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi sem samsvarar 18,7% aukningu rekstrarhagnaðar, að teknu tilliti til kostnaðar við skráningu og kaupréttarsamninga sem fallið var frá á fjórðungnum, samanborið við fjórða ársfjórðung 2011.

Flutningsmagn í áætlanaflutningum félagsins á Norður-Atlantshafi jókst um 3,4% frá fyrra ári. Magn í frystiflutningsmiðlun dróst hins vegar saman um 0,6% frá fyrra ári eftir nokkurn vöxt á árunum 2010 og 2011. Horfur í flutningum á Norður-Atlantshafi eru jákvæðar á komandi mánuðum en töluverður vöxtur hefur verið í flutningum frá Noregi og Færeyjum og í flutningum á milli Evrópu og Norður-Ameríku.

Eimskip gekk frá kaupum á þremur frysti- og kælskipum á árinu 2012, en félagið hafði verið með skipin á leigu frá árinu 2005. Kaupin efla enn frekar stöðir og rekstraröryggi siglingakerfisins á Norður-Atlantshafi og sérstaklega í þeirri þjónustu sem þau veita sjávarútveginum í Noregi. Gert er ráð fyrir að gámaskipin tvö sem eru í smíðum fyrir félagið í Kína verði afhent á seinni helmingi ársins 2013, en þau munu styrkja siglingakerfi og þjónustuframboð Eimskips á komandi árum.

Frá og með síðari hluta marsmánaðar 2013 mun Ameríkuleið félagsins hefja viðkomur í Portland, Maine í stað Norfolk og Everett á austurströnd Bandaríkjanna. Meginmarkmið breytingarinnar er að stytta siglingartíma til og frá Bandaríkjunum og koma á reglubundnum siglingum aðra hverja viku. Breytingunni er einnig ætlað að styðja enn frekar við aukna flutninga á milli Norður-Noregs og Norður-Ameríku og bæta tengingu á milli Bandaríkjanna og Nýfundnaland, þar sem boðið verður upp á siglingar aðra hverja viku með þriggja daga siglingartíma, auk þess sem siglingartími milli Íslands og Norður-Ameríku styttest.

Eimskip opnaði skrifstofu í Tælandi á árinu 2012 og í mars 2013 mun félagið opna skrifstofu í Gdynia í Póllandi og styrkir þar með þjónustu sína í frystiflutningsmiðlun í Eystrasaltinu.

Félagið hefur lagt sérstaka áherslu á uppbyggingu á Norður-Atlantshafi og þá sérstaklega í tengslum við mögulegar Norðurheimskautssiglingar og verkefni tengd stóriðju, olíu og námuvinnslu ásamt hafnarþjónustu og annarri tengdri þjónustu.

Eimskip tók í notkun nýtt og fullkomið snjallforrit, „App“, sem býður viðskiptavinum upp á að fá í rauntíma upplýsingar um stöðu sendinga í snjallsíma. Snjallforritið er auðvelt í notkun og sýnir jafnframt staðsetningu skipa Eimskips, skipaáætlun og siglingaleiðir og veitir auk þess upplýsingar um alla helstu þjónustupætti fyrirtækisins. Áður hafði félagið kynnt til sögunnar vefviðmót fyrir viðskiptavinum, ePort, þar sem fylgjast má með sendingum, leita upplýsinga og senda inn flutningsfyrirmæli. Frá janúar 2013 hefur Eimskip boðið nýja þjónustu í gegnum netið sem gengur undir nafninu eBOX, en með henni er boðið upp á þægilegar og einfaldar lausnir til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands.

Eimskip leggur hér eftir sem hingað til áherslu á að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu, en það hefur meðal annars verið gert með því að styrkja skipa-, gáma- og tækjakost félagsins á árinu.

Eimskip lauk hlutafjárútboði sínu og skráningu á NASDAQ OMX Iceland í nóvember 2012. Markmiðið með skráningunni var að tryggja almenna og góða dreifingu á eignarhaldi félagsins en hluthafar eru í dag um 2.300 talsins. Hlutabréf félagsins voru tekin til viðskipta þann 16. nóvember 2012.

Eimskip lítur björtum augum til framtíðarinnar og til mögulegra vaxtartækifæra á Norður-Atlantshafi og á alþjóðavísu. Félagið mun fagna 100 ára afmæli sínu þann 17. janúar 2014.“

## REKSTUR ÁRSINS 2012

- **Rekstrartekjur námu 414,3 milljónum evra**
- **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) eftir einskiptisliði nam 40,8 milljónum evra**
- **Hagnaður eftir skatta nam 12,7 milljónum evra**
- **Flutningsmagn í áætlanasiglingum félagsins jókst um 3,4% á milli ára**
- **Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun dróst saman um 0,6% á milli ára**

Rekstrartekjur ársins námu 414,3 milljónum evra samanborið við 384,7 milljónir evra árið 2011 og jukust um 7,7% á milli ára. Meðal tekna ársins 2011 voru einskiptistekjur að fjárhæð 6,4 milljónir evra sem hafa áhrif á samanburð á milli ára, en að teknu tilliti til þeirra er aukningin 9,5%. Aukning var í flutningum á helstu markaðssvæðum félagsins og nam aukningin í áætlanasiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi 3,4% á milli ára. Magn í frystiflutningsmiðlun dróst hins vegar saman um 0,6% frá fyrra ári einkum vegna sveiflna í flutningum á ávöxtum og grænmeti til Evrópu frá mörkuðum félagsins í Asíu. Þrátt fyrir samdrátt í magni hafa tekjur aukist með hækkandi verði á sjóflutningum á alþjóðlegum flutningamörkuðum.

Að teknu tilliti til einskiptisliða var EBITDA ársins 2012 40,8 milljónir evra samanborið við 37,5 milljónir evra árið 2011 sem er aukning um 3,3 milljónir evra, eða 8,8%, á milli ára. EBITDA hlutfall var 9,8% á árinu 2012 samanborið við 9,9% á árinu 2011. Nokkrir einskiptisliðir hafa veruleg áhrif á samanburð á afkomu á milli ára.

Á árinu 2012 voru meðal einskiptisliða 1,7 milljóna evra kostnaður við skráningu félagsins á NASDAQ OMX Iceland og 2,9 milljóna evra kostnaður sem tengist kaupréttarsamningum sem fallið var frá. Til að tryggja framgang skráningar félagsins á markað féll framkvæmdastjórn félagsins einhliða frá þeim samningum sem settir voru fram í kaupréttaráætlun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins árið 2010. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla voru áhrif þessa þau að óframkominn kostnaður vegna kaupréttaráætlunarinnar var gjaldfærður á fjórða ársfjórðungi 2012. Slík gjaldfærsla hefur áhrif á rekstrarhagnað en hefur hvorki áhrif á sjóðstreymi félagsins né heildarstöðu eigin fjár. Meðal einskiptisliða sem höfðu áhrif á afkomu ársins 2011 voru einskiptistekjur vegna innheimtrar kröfu að fjárhæð 6,4 milljónir evra sem áður hafði verið að fullu afskrifuð og kostnaður að fjárhæð 0,7 milljónir evra vegna strands Goðafoss. Án leiðréttinga vegna þessara einskiptisliða var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) 36,2 milljónir evra samanborið við 43,2 milljónir evra árið 2011.

Að teknu tilliti til áðurnefndra einskiptisliða nam rekstrarhagnaður (EBIT) 18,3 milljónum evra sem er aukning um 4,1 milljón evra á milli ára eða 28,7%. EBIT hlutfall var 4,4% á árinu 2012 samanborið við 3,8% á árinu 2011. Rekstrarhagnaður nam 13,7 milljónum evra samanborið við 19,9 milljónir evra árið 2011. Afskriftir lækkuðu um 0,8 milljónir evra á milli ára. Nettó fjármagnskostnaður félagsins nam 3,0 milljónum evra samanborið við 3,7 milljónir evra árið 2011, en lækkunin skýrist af lægra gengistapi á árinu 2012 en á árinu á undan.


Reiknaðir skattar voru jákvæðir um 2,0 milljónir evra sem endurspeglast í því að félagið eignfærði á árinu yfirfæranlegt skattalegt tap í erlendu dótturfélagi að fjárhæð 3,6 milljónir evra. Hagnaður eftir skatta nam 12,7 milljónum evra samanborið við 13,1 milljón evra árið 2011 sem er lækkun um 3,2% á milli ára án þess að tillit sé tekið til einskiptisliða bæði árin.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) skiptast á ársfjórðunga á árunum 2010-2012.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskiptisliðum. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra,

þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra kostnaðar vegna kaupréttá sem fallið var frá.

Í milljónum evra



## REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS 2012

- Rekstrartekjur námu 105,5 milljónum evra og jukust um 5,4% á milli ára
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) eftir einskiptisliði nam 10,2 milljónum evra
- Flutningsmagn í áætlanasiglingum félagsins dróst saman um 2,3% á milli ára
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 12,9% á milli ára

Rekstrartekjur félagsins á fjórða ársfjórðungi námu 105,5 milljónum evra samanborið við 100,1 milljón evra á fjórða ársfjórðungi 2011, en það samsvarar 5,4% aukningu á milli ára. Aukning var í flutningum á markaðssvæðum félagsins tengdum Færeyjum og Noregi á fjórða ársfjórðungi miðað við sama tímabil á árinu 2011, en samdráttur var á milli ára í flutningum tengdum Íslandi. Heildarsamdráttur í áætlanasiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi nam því 2,3% á milli ára. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst hinsvegar um 12,9% frá fjórða ársfjórðungi fyrra árs einkum vegna aukinna flutninga á fiski frá Evrópu til Asíu og vegna aukinna flutninga á ávöxtum og grænmeti innan Asíu og til Evrópu.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) að teknu tilliti til einskiptisliða nam 10,2 milljónum á fjórða ársfjórðungi 2012 samanborið við 8,6 milljónir evra á árinu 2011 sem er hækkun um 1,6 milljónir evra eða 18,7%. EBITDA hlutfall á fjórða ársfjórðungi var 9,7% 2012 samanborið við 8,6% 2011.

Einskiptisliðir á fjórða ársfjórðungi eru 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins á NASDAQ OMX Iceland og 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar sem tengist áður nefndum kaupréttarsamningum sem fallið var frá. Án leiðréttinga vegna þessarar einskiptisliða var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) 6,3 milljónir evra samanborið við 8,6 milljónir evra árið 2011.

Sé tekið tillit til ofangreindra einskiptisliða á árinu 2012 er rekstrarhagnaður fjórða ársfjórðungs 2012 4,1 milljón evra sem er veruleg aukning frá fyrra ári. EBIT hlutfall á fjórða ársfjórðungi var 3,9% 2012 samanborið við 3,4% 2011. Rekstrarhagnaður (EBIT) var 0,2 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi samanborið við 0,7 milljónir evra árið 2011.

Fjármagnsliðir á fjórðungnum voru neikvæðir um 1,0 milljón evra samanborið við neikvæða fjármagnsliði að fjárhæð 1,2 milljónir evra árið 2011. Reiknaðir skattar námu 0,1 milljón evra samanborið við 1,6 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi 2011. Tap eftir skatta nam 1,0 milljón evra samanborið við 0,6 milljóna hagnað eftir skatta á fjórða ársfjórðungi 2011.

## EFNAHAGUR Í LOK ÁRS 2012

---

- **Heildareignir námu 313,3 milljónum evra**
- **Eiginfjárlutfall var 63,7%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 59,3 milljónum evra**

Þann 31. desember 2012 námu heildareignir Eimskips 313,3 milljónum evra samanborið við 283,2 milljónir evra í lok árs 2011. Fastafjármunir hafa aukist um 32,8 milljónir evra og munar þar mestu um fjárfestingar í skipum á árinu 2012 fyrir samtals 26,4 milljónir evra, en félagið keypti þrjú frysti- og kælskip í febrúar 2012 og hefur verið að greiða inná tvö gámaskip sem eru í smíðum í Kína og gert er ráð fyrir að verði afhent fyrir lok þessa árs. Í desember 2012 var flutningaskipið Írafoss selt, en skipið er 1.890 tonn að stærð og það minnsta í rekstri félagsins. Eimskip er nú með 16 skip í rekstri, þar af ellefu eigin skip og fimm leiguskip.

Veltufjármunir félagsins námu 103,6 milljónum evra samanborið við 106,3 milljónir í árslok 2011. Handbært fé nam 37,3 milljónum evra og hefur lækkað um 6,2 milljónir evra á milli ára sem skýrist einkum af fjárfestingum í skipum og öðrum tækjabúnaði. Eigið fé nam 199,6 milljónum evra í árslok samanborið við 176,5 milljónir evra í árslok 2011 og hækkaði eiginfjárlutfallið úr 62,3% í 63,7% á milli ára.

Vaxtaberandi skuldir voru 59,3 milljónir evra í árslok samanborið við 62,2 milljónir evra í lok árs 2011. Nettóskuldir námu 22,0 milljónum evra í árslok en voru 18,7 milljónir evra í árslok 2011.

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

---

- **Handbært fé frá rekstri var 36,9 milljónir evra**
- **Handbært fé nam 37,3 milljónum evra í árslok**
- **Nettó fjárfestingar ársins námu 39,2 milljónum evra**

Handbært fé frá rekstri nam 36,9 milljónum evra samanborið við 27,2 milljónir evra árið 2011. Nettó fjárfestingahreyfingar samkvæmt sjóðstreymi námu 39,2 milljónum evra. Fjárfestingar ársins námu hins vegar 50,5 milljónum evra og skiptast þær fjárfestingar þannig að fjárfest hefur verið í skipum fyrir 26,4 milljónir evra, í fasteignum fyrir 4,2 milljónir evra og í gámum og öðrum tækjabúnaði fyrir 19,9 milljónir evra. Fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 4,7 milljónir evra samanborið við 11,5 milljóna evra neikvæðar fjármögnunarahreyfingar árið 2011. Neikvætt sjóðsflæði var því 6,7 milljónir evra og nam handbært fé í árslok 37,3 milljónum evra.

## HLUTHAFAR

---

- **Hlutabréf Eimskips voru tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland 16. nóvember 2012**
- **Markaðsvirði félagsins var 52,3 milljarðar íslenskra króna þann 28. febrúar 2013**

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á NASDAQ OMX Iceland föstudaginn 16. nóvember 2012. Markaðsvirði félagsins nam 52,5 milljörðum króna, eða 317,1 milljón evra, miðað við lokagengi dagsins þann 28. febrúar 2013 sem nam kr. 269,50 á hlut. Fjöldi útgefna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útistandandi hluta 194.081.180.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2013 verði greiddur arður að fjárhæð 408 milljónir króna til hluthafa, en það samsvarar 2,5 milljónum evra og nemur um 20% af hagnaði ársins eftir skatta.

## LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA 2012

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1	Q2	Q3	Q4	2012
Rekstrartekjur	93.726	104.352	110.744	105.508	414.330
Rekstrargjöld	86.950	92.086	99.905	99.221	378.162
EBITDA	6.776	12.266	10.839	6.287	36.168
EBIT	1.314	6.436	5.813	169	13.732
Hagnaður (tap) tímabilsins	582	7.394	5.748	(993)	12.731
Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:					
EBITDA	6.776	12.266	11.520	10.202	40.764
EBIT	1.314	6.436	6.494	4.084	18.328
EBITDA / rekstrartekjur	7,2%	11,8%	9,8%	6,0%	8,7%
EBIT / rekstrartekjur	1,4%	6,2%	5,2%	0,2%	3,3%
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>31.03.2012</b>	<b>30.06.2012</b>	<b>30.09.2012</b>	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2012</b>
Eignir	284.656	299.766	303.077	313.281	313.281
Eigið fé	176.907	184.698	190.415	199.599	199.599
Skuldir	107.749	115.068	112.662	113.682	113.682
Nettóskuldir	37.249	34.670	33.245	21.950	21.950
Eiginfjárhlutfall	62,1%	61,6%	62,8%	63,7%	63,7%
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>Q1</b>	<b>Q2</b>	<b>Q3</b>	<b>Q4</b>	<b>2012</b>
Handbært frá rekstri	3.745	13.045	7.333	12.749	36.872
Fjárfestingahreyfingar	(21.433)	(5.721)	(3.604)	(8.430)	(39.188)
Fjármögnunarahreyfingar	(1.012)	(5.274)	(2.190)	4.107	(4.369)
Handbært fé í lok tímabils	24.997	27.201	28.816	37.304	37.304

## UM EIMSKIP

Eimskip rekur 51 starfsstöð í 18 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.330 starfsmönnum, þar af um 770 á Íslandi. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

## KYNNINGARFUNDUR 1. MARS 2013

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 1. mars 2013 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon, forstjóri, og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarviðs, munu kynna uppgjör félagsins. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasiðu félagsins, [www.eimskip.is/investors](http://www.eimskip.is/investors).

## SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2012 á stjórnarfundum þann 28. febrúar 2013.

## FREKARI UPPLÝSINGAR

---

- Gylfi Sigfússon, forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

## TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

---

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.